

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 2/1890.

Rjettvísín

gegn

Jóhannesi Magnússyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu uppkveðnum 24. ágústm. f. á. var hinn ákærði Jóhannes Magnússon dæmdur fyrir skjalafölsun til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, svo og til að greiða allan kostnað málsins, þar með talin varnarlaun til talsmanns í hjerði, 4 kr. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Það er sannað með játningu hins ákærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu, að hann hafi í fyrra haust ritað 2 ávísanir undir nafni annars manns, Sveins Árnasonar á Yztamói, án þess hann hafi haft heimild til þess. Önnur ávísunin, útgefin 21. okt. 1888, var stýluð til kaupmanns V. Claessens á Saudárkróki, en hin, útgefin sama dag, var stýluð til verzlunarstjóra L. Poppis þar á staðnum. Hin fyrnefnda ávísanin hljóðaði um 20 kr., hin síðarnefnda um 30 kr., og áttu upphæðir þessar eptir ákvæðum ávísunarseðlanna að greidast einhverjum Jóni Davíðssyni á Klaufabrekku. Þegar hinn ákærði svo var á ferð á Saudárkrók, í fyrra haust, sýndi hann kaupmanni Claessen fyrst ávísunina, sem stýluð var upp á hann, og beiddist að fá upphæð hennar greidda, en Claessen neitaði að borga hana. Þá fór ákærði til Poppis, sýndi honum hina ávísunina, og fjekk

greitt út á hana 10 kr., mestmegnis í vörum, og hagnýtti hann sjer það, sem hann fjekk út á ávísanina, í ýmsar þarfir sínar.

Hinn ákærði virðist eigi hafa gert frekari tilraunir til að notfæra sjer þessar ávísanir. Hann hefur kannazt við það, að hann hafi skrifað nafnið «Jón Davíðsson» í ávísanirnar út í bláinn og án þess að hafa í huga sjer nokkra persónu með þessu nafni. Hinn ákærði gaf sig sjálfkrafa fram fyrir hlutadeigandi dómara, sem sekan í hinum tilgreinda glæp. Hann var mjög þunglyndur um það leyti hann drýgði afbrotið, og þá, eða nokkru síðar, gjörði hann tilraun til þess að fyrirfara sjer, með því að drekka ólyfjan, og var hann mjög veikur lengi eptir það; samt sem áður verður eptir skýrslum málsins að álíta, að hann hafi verið svo heill á sál og líkama, þegar hann gjörði sig sekan í afbrotinu, að hann verði afdráttarlaust að pola refsingu fyrir það, eptir hinum almennu fyriræmum laganna.

Hinn ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður verið sakaður nje dæmdur fyrir nokkurn glæp, hefur eptir hinu framanritaða gjört sig sekan í skjalafölsun og í tilraun til að fremja sama glæp, og virðist mega ákveða refsinguna fyrir hann 4×5 daga fangelsi við vatn og braud, samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 270. gr. og 46. gr. sbr. 270. gr., sbr. einnig 61. gr. Svo verður hann og að greiða allan kostnað sakarinnar þar með talin málflytningulaun til svaramanns í hjeradi, 4 kr., og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur máls þessa í hjeradi hefur verið víttalaus, og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Jóhannes Magnússon á að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og greiða allan kostnað máls þessa í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til verjanda fyrir aukarjettinum, Árna hjerðslæknis Jónssonar, 4 kr., og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. marzmán.

Nr. 4/1890.

Hið opinbera

gegn

Eggert Laxdal.

D ó m u r:

Með lögreglurjettardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 10. okt. 1889, var verzlunarstjóri Eggert Laxdal dæmdur til að greiða 4 kr. sekt í hlutaðeigandi fátæktrasjóð, svo og til að lúka allan málskostnað í máli, sem var höfðað á móti honum fyrir ólöglega lyfjasölu. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði eptir ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Í blaðinu «Nordurljósið» 4. árg. 9. tölubl., sem út kom á Akureyri 25. maí 1889, auglýsti hinn kærði, að í verzlun hans væri til sölu «ýms lyf», svo sem «Kjöngs-plástur (ekta), Sundhedssalt (ekta), Brama-lífs Elixír (ekta), Opodeldoc (gigtaráburður), Róboransdropar (samansettir chinadropar), hreinsað sodaduft og sýra». Út af